

Guðrún Vera Hjartardóttir

- *Sýningin:” Sæborgin”
nýyfirstaðin. Hverjar eru
þínar pælingar varðandi
manninn andspænis
vélinni?*

.....

- Guðrún: “ Fólkheldur oft að ég sé að tala um einhverjar tæknistökkbreytingar í verkum mínum. Ég er alltaf að segja sjáid hvert við erum komin, muniði hver við erum. Ég er alltaf með þennan varnagla sambandi við allt þetta tæknilega og vélræna sem við erum inni. Þegar Mannesjan býr inni borg og hætt að stunda náttúruna þá er svo auðvelt að verða siðblindur og kaldur. Það er það sem ég hef áhyggjur af. Þá hætta menn að vera með hjarta og innsæishugsanir, svona náttúrulegar. Ég held að það sé hægt að meiða rosalega illilega þegar maður fer úr þessari tengingu og verða gagnatekin af öllu þessu vélræna og tæknilega, maður bara verður kaldur. Það þarf að vera jafnvægi”

.....

....

- *Hvenær fórstu fyrst að hafa áhuga á myndlist?*

.....

...

- Guðrún:” Þegar ég byrjaði í myndlistar og handíðarskólann þá hafði ég ekki áhuga á myndlist, af því að ég vissi svo lítið um listina. En áhugi minn á sköpun tengdist leik sem krakki. Ég var mikið úti að leika mér sem barn og ég elskaði að móta úr mold og snjó og hanna bílavegi, borgir og vistaverur. En þá var það bara þetta skapandi afl. Sem hver maður býr yfir sem réði ríkjum. En virkilegur áhugi á myndlist vaknaði ekki fyrr en að ég fór í framhaldsnám. Þá vaknaði áhugi á myndlistarheiminum. Ég var alltaf að reyna að vera eitthvað annað en ég var þegar ég var í Myndlistar og handíðaskólanum, ég vissi ekkert hver ég var í myndlistinni. Það sem ég hafði mestan áhuga á þótti tabú. Figúrutíf list eins og ég geri í dag, það sem þótti inn var þýskur formalismi og með undirliggjandi hugmyndalistarleifum en það var líka hefðbundið eins og leirmótun og modelteikning og þar fann ég mig. En ég vissi samt ekki þá að ég var búin að finna mitt í listinni. Þetta segir

mér að maður á alltaf að elta það sem maður hefur áhuga á alveg sama hvaða helvítis stefnur eru í gangi. Þegar ég kem út til Hollands, þá mætir mér allt önnur sena en hérna heima. Í Evrópu voru allir að gera fígúratíva myndlist. Ég fór á Dokumenta í Kassel '92 og allir voru að gera fígúratíva list. Ég sá þarna að ég hafði bara verið í einangrun heima á Íslandi, þá varla komið internet skilurðu. Þarna vaknaði áhuginn minn, þarna hófst mitt samtal og hef ég síðan verið í samtali við listinna og aðra listamenn. En það verður að segjast ég vissi hvaða leið ég vildi fara frá því var á 15-16 ára. *Á þeim tíma sá listamaðurinn Sjón í mér talent og hjálpaði mér í inntökuprófið í Mynd og hand*".

.....
.....

- ***Eru aðrir í fjölskyldunni þinni listamenn?***

.....
.....

- Guðrún: "Nei"

.....
.....

- ***Hvað myndir þú kalla þinn stíl í listum?***

.....
.....

- Guðrún: "Listin mín flokkast auðvitað sem fígúratív rýmislist.

.....
.....

- ***Þú vinnur verk þín í leir og byggir þau upp með álgrind. Byrjar þú á hugmyndarvinnu í formi skyssugerðar eða spretta þau úr undirvitundinni alfrjáls?***

.....
.....

- Guðrún: "Þetta er ekki leir, þetta efni heitir plastilina. En það er misjafnt hvernig ég vinn verk mín frá einu til annars". Guðrún Vera sýnir mér verk sem hún er að vinna í tengslum við komandi sýningu í Safnasafninu. Verkið er einskonar uppgjör listakonunnar eftir að hún hafði fyllst andúð á listheiminu. Hún vill með þessu verki þakka listamönnunum sem vöktu áhuga hennar og hafa veitt henni innblástur. Hún lýsir nokkrum þeirra og hvernig hún hefur átt í samtali við þá gegnum verk sín. Hún nefnir Thomas Schutte og segist fá

innblástur frá skoðunum hans á myndlistinni og efnistöfum og Agnes Martin veitir henni innblástur með persónu sinni -“hún er svo laus við allt sem heitir yfirborð eða vél, hún stundar hjártað á sér” segir Guðrún. Juan Munos er hennar aðal maður hún segist hafa átt í samtali við hann gegnum verk hans og viðtöl. Guðrún segir að flestir af þeim sem hún sækir innblástur til eiga það sammerkt að hafa verið upp á móti því hvernig markaðsöflin hafa tekið yfir. Thomas Shutte einn af hennar vitringum vill t.d. ekki tengjast nema einu galleríi á Ítalíu því þar málar galleristinn ennþá sjálfur veggina sína. Ég hef áhuga á manneskjunni og því sem færir hana nær sjálfum sér og hennar ábyrð. Kveikjan getur komið út frá þakklæti eða andúð eða samtali mínu við listina . það getur verið svo margt.” Segir Guðrún

.....
.

- ***Finnst þér gagnrýni og sú umfjöllun sem þú færð, ná utan um það sem þú ert að skapa? Skilur fólk verk þín rétt?***

.....
.

- Guðrún: “Mér er minnstæð ein gagnrýnin sem Ragna Sigurðardóttir skrifaði um sýninguna mína “ Beðið eftir meistaraverki” frá 2004. Hún náði hvað ég var að gera, sá mig og sá jafnvel meira en ég hafði gert mér hugmynd um hvað væri að hafa áhrif á mig við gerð þessara verka. Þessi kona sá hvað hafði áhrif á mig, sá hvaða bíómyndir ég hafði áhuga á. Hún sá hvaðan ég var að koma. Það var ótrúlega fullnægjandi og mikið pepp í því. Verk mín eru opin fyrir túlkun hvers og eins og þannig ekki hægt að misskilja “

.....
.....

- ***Finnst þér þú hafa köllun sem listamaður, eitthvað sérstakt sem verkum þínum er ætlað að koma til skila?***

.....
...

- Guðrún: “Ja ég veit ekki alveg, þetta er svo stórt orð KÖLLUN!. Mér finnst bara ég sem manneskja hvort sem það er sem listamaður eða kennari, þá er það alltaf það sama sem mitt hlutverk er. Að hafa vekjandi

áhrif, auka meðvitund. Það má vel vera að þessi verk nái ekki svona til fólks, ég veit ekkert um það. Oft á tíðum finnst mér fólk bara verða hrifið af hvað ég er klár og sjái svo bara fegurðina því ég elti hana alltaf. En hver og einn sér það sem honum er ætlað að sjá held ég.“

.....
...

- **Hvernig finnst þér myndlist þín hafa þróast síðastliðin 10 ár ca. Eihverjar breytingar á stíl, áherslum, boðskap?**

.....
...

- Guðrún: “Það sem kannski gerist maður vinnur bara og vinnur, það eru 2 pólur hjá mér. Ég beini sjónum mínum að áhorfandanum annarsvegar og hinn póllinn er náttúran. Það er náttúruverndarsinninn og svo mannspekingurinn í mér. Mér finnst líka að með aldrinum sé ég orðin óhræddari við þetta hráa og óheflaða.”

.....
...

- **Hversu langan tíma hefur þú notað lengst í listaverk?**

.....
.

- Guðrún: “Ætli það sé ekki einn þátturinn úr velkomin í mannheima, þar ég gerði svo margar fígúrir alls sjö. “

.....
....

- **Hvað er í deiglunni hjá þér, sýningin Sæborg að baki. Hvenær fáum við næst að sjá verkin þín?**

.....
....

- Guðrún: “Ég mun sýna í Safnasafninu í maí, og svo verð ég með á afmælisýningu í Myndhöggvarafélaginu í ágúst þar sem unnið verður með hugtakið ‘skúlptúr í almenningsrými’ ”

.....
...

- **Sem listamaður hvernig skilgreynir þú orðið velgengi?**

- Guðrún: “Það er margþætt svona eins og listheimurinn er. Að hafa góðan tíma, og að ná til fólks”

.....
.

- ***Hvaða hlutverki gegnir pallurinn í verkum þínum annað en að vera pallur? Ber að líta á hann sem hluta af verkinu?***

.....
 ...

- Guðrún: "Pallurinn er staður fyrir verkið, stundum heimur verunnar sem á honum er"

.....
 ...

- ***Í verkum þínum gefur oft að líta kynlausar verur, hvað er á bakvið það?***

.....
 ...

- Guðrún: "Ég er að fjalla um mannkynið frekar en karlkyn eða kvenkyn. Ég er meira að fást við hið líkamelga, andlega og tilfinningalega óháð kyni"

.....

- ***Verkin þín eru andstæðukennd, sakleysi annarsvegjar og svo gróteska. Er þetta einn og sami hluturinn eða mismunandi tjáningarform?***

.....

- Guðrún: "Þegar þetta gróteska kemur fram er það oft eitthvað

tilfinningatengt sem ég er að fást við, eitthvað óþægilegt. Mér finnst ég oft vera að vinna með sömu hugmyndina en reyni aftur á móti að finna nýtt sjónarhorn"

.....

- ***Hver er skoðun þín á almenna skólakerfinu í dag? Erum við á villigötum?***

.....

- Guðrún: "Að vissu leyti, ef við horfum á þetta sem kerfi. Það er auðvitað mikið af góðu fólki sem starfar við kennslu og ég skil það betur í dag að fólk er alltaf að reyna sitt besta. Mér finnst ákveðinn sofandagangur vera við lýði í samfélaginu. Ef við horfum á heildinna þá höndlar þorri barnanna kerfið vel, en það olli mér sem barni streitu og spennu. Í þessu felst vanmáttur kennarans að ná til allra. Þegar ég kenni þá reyni ég að vera opin fyrir öllum nemendum og forðast að steypa alla í sama mót. Ég reyni að ýta undir að allir fái að sýna hverjir þeir eru. Ég segi stundum að með því að ég missi tókin þá fá þau að blómstra. Mér finnst líka að í skóla eigi maður að fá að kynnast sjálfum sér það er aðalatriði."

-
.
- ***Að hvaða leiti finnst þér listheimurinn hafa hamlandi áhrif á þig, eða ef við tölum um innri og ytri hömlur? Hvar liggja þær?***
-

- Guðrún: “Ég hef verið að vinna mig frá andúð yfir í samúð varðandi listheiminn. Þá hjálpar þakklætið. En ég hef ekki læknað mig af því að finnast listheimurinn eins og hann er, eða þetta með markaðsöflinn ég get auðveldlega fyllst andúð.

Af því að listinn í sjálfri sér snýst ekkert um markaðinn í grunninn, það er bara afkoman. Þetta snýst þ meira um það hvernig mér líður gagnvart því sem ég er að gera. Í listheiminum eru miklir flokkadrættir, þar þarftu helst að vera skemmtikraftur. Þetta er eins og í fótboltanum ef þú ert orðin fertugur þá ertu out!

Markaðurinn og galleríin ætla ekki að veðja á svoleiðis listamenn. Þetta á kanski meira heima útí hinum stóra markaði en hérna heima.

En það þýðir ekkert væl, svona er þetta bara. Maður þarf bara

að fara á eigin forsendum þarna inn. Þannig að nú er ég að vinna með þakklætið til þeirra sem hafa verið eins og mínir vendarenglar, verið mér nærri. En þetta fólk er allt komið yfir miðjan aldur og sumir nokkrir hvatt þennan heim. Ég hef líka fengið í þessu ferli heilun á ótta við að eldast.”

-
- ***Áttu þér verndarengil?***
-

- Guðrún segir mér frá þónokkrum listamönnum sem hún hefur átt í samtali við myndlistarlega eða andlega jafnvel. Þessir listamenn veita Guðrúnu innblástur. Hún talar um þá sem meistara/ verndara hennar sem listakonu.
-

- ***Sum verka þinna hafa gríðar sterka “nærveru” líkt og þau lifi sjálfstæðu lífi hafi sinn eigin anda. Hvað segir þú um þetta?***
-
....

- Guðrún:”Mér finnst þetta svoldið dularfullt, þetta sem þú ert að upplifa og ég upplifi

þetta sjálf. Þá velti ég fyrir mér hvort þetta séu einhverjir lífskraftar sem maður nær að setja inn í verkin. Öll heimspeki segir að efni sé dautt. En Rudolf Steiner talar um að liti sem lifandi verur og jarðleir sem lifandi veru. En þetta sem ég er að vinna með er verksmiðjugert plastefni. En fingraförin mín setja mark sitt á skúlptúrinn. Ég þekki þessa upplifun, bæði með mín eigin verk og verk annarra. Sum verka minna lifna við og sum deyja í höndunum á mér. En þetta hlýtur að vera eitthvað innra með áhorfandanum líka. Verkið fær líf þegar áhorfandi horfir og það er áhorfandi sem glæðir það lífi. Þetta er eitthvað samband. Í raun þarf ekki fígúrur til að kveikja þetta samband formið skiptir ekki máli. Listamaðurinn Anis Kapoor er í hópi þeirra sem veita mér innblástur hann gerir geometrísku skúlptúra og innsetningar. Hann vinnur með litapigment og þegar maður horfir á verkin þá andar maður með formunum. Rýmið og litirnir eru svo sterk að upplifunin verður lifandi.”

○

Hvernig finnst þér ljósmyndir skila þrívíðum verkum þínum og annarra?

.....

...

Guðrún:”Þetta er svona staðgengill. Ég fæ stundum ljósmyndara til að taka myndir af verkunum mínum. En auðvitað er þetta aldrei það sama. Ég hef alveg orðið áhugasöm í gegnum það að sjá myndir en það er ekkert í samanburði við það að fara á staðnum. Bara eins og að “skypa” manneskju eða vera “life” með henni.”

.....

...

Kemur fyrir að þú eigir erfitt með að hætta að vinna verkin þín, eða veistu alltaf þegar þau eru klár?

.....

....

Guðrún:“Já yfirleitt veit ég það. Ég man eftir einu skipti þar sem ég var með málamiðlun með eitt verk, ég hafði ekki meiri tíma og varð að láta það frá mér. Ég var svo óánægð eftir það að slíkt hef ég ekki gert aftur.” En stundum setur Guðrún sér tímaramma einsog í verkinu sem hún er að vinna að núna fyrir komandi sýningu. Í verkinu vinnur hún með portrett af listamönnum sem

hafa veitt henni innblástur og hún heftur átt í myndlistarlegu samtali við. Hún ákvað að gefa sér klukkustund fyrir hvert andlit, en sá fljótlega að sá tími myndi ekki duga til að fanga fegurðina

. Guðrún segist elta fegurðina í sköpun sinni, og að þessi fegurð segi henni til um hvenær verkið sé tilbúið. - “Þetta er einhver svona mælikvarði inni mér sem ég get illa rætt um. Hvað sem hver segir.””

.....

Guðrún segir í lokin að hún finni breytingar á sköpun sinni á því aldursskeiði sem hún er á núna. Hún sé óhræddari og hrárrari og ætlar sér að vinna meira í átt að þessum breytingum og sjá hvert það leiðir hana.

.....

Anna Kaspersen